

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Deiliskipulag Sjúkrahúss Akureyrar.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. maí 2008 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag Sjúkrahúss Akureyrar við Eyrarlandsveg. Deiliskipulagið nær til svæðis sem afmarkast af Þórunnarstræti til vesturs, Lystigarði til norðurs og grænu svæði til austurs og suðurs. Tillagan felur í sér að ákvörðuð eru mörk lóðar Sjúkrahúss Akureyrar og gerð grein fyrir byggingasvæði þess til framtíðar og svæði fyrir líknardeild.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 28. ágúst 2008,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2008